

**FRÁSÖGN**

*af þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um fiskveiðistjórnkerfi 8.–10. júní 2010*

Þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins um fiskveiðistjórnkerfi var haldin dagana 8.–9. júní á Sauðárkróki og 10. júní hélt Vestnorræna ráðið í samstarfi við norrænu ráðherranefndina ráðstefnu um fiskveiðistjórnun í Þórshöfn í Færeyjum. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu ráðstefnurnar Ólína Þorvarðardóttir formaður, Árni Johnsen, Ásmundur Einar Daðason og Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ráðstefnan á Sauðárkróki var sett af Josef Motzfeldt, formanni Vestnorræna ráðsins, og Ólínu Þorvarðardóttur, formanni Íslandsdeildar, en auk þeirra fluttu framsögur Frank Bakke Jensen, þingmaður frá Noregi, Stig Gezelius, fræðimaður hjá hag- og landbúnaðarrannsóknarstofnun Noregs, Eilif Gaard, forstjóri hafrannsóknarstofnunar Færeyja, Helgi Hjörvar, forseti Norðurlandaráðs, Emanuel Rosing, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneyti Grænlands, Niels Vestergaard, prófessor við Syddansk háskóla í Danmörku, Helle Siegstad, deildarstjóri í sjávarútvegsdeild Náttúrufræðistofnunar Grænlands, Armando Astudillo, ráðgjafi hjá sjávarútvegsdeild Evrópusambandsins, Ásmundur Guðjónsson, ráðgjafi norrænu ráðherranefndarinnar, Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknarstofnunar Íslands, Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands og Helgi Áss Grétarsson, sérfræðingur hjá lagastofnun Háskóla Íslands. Að lokum tóku sjávarútvegsráðherrarnir Jón Bjarnason frá Íslandi, Jacob Vestergaard frá Færeyjum og Ane Hansen frá Grænlandi til máls.

Fiskveiðistjórnkerfin á Vestur-Norðurlöndunum sem leið til að koma í veg fyrir ofveiði og stuðla að arðsemi sjávarútvegs, atvinnu og byggð var umfjöllunarefni ráðstefnanna. Einnig var fjallað um dreifingu arðs af fiskveiðum þar sem litið er á fiskstofna sem sameign. Það sem kom m.a. fram er að kvótakerfið hérlendis lýtur einkum að því að vernda fiskistofnana og tryggja arðsemi sjávarútvegsins, á meðan norska kerfið hefur það einnig að markmiði að vernda sjávarbyggðir og tryggja afkomu þeirra sem þar búa sem gerir það að verkum að norska kerfið hefur verið ríkisstyrkt síðan 1920. Íslensku frummælendurnir, sem gerðu grein fyrir þróun og gerð íslenska fiskveiðistjórnarkerfisins, voru nokkuð sammála um að íslenska kvótakerfið hefði aukið arðsemi í sjávarútvegi en hvort það hefði náð því markmiði að byggja upp fiskistofnana var umdeildara. Það hvort sú leið að deila út veiðiheimildum í formi kvóta til ákveðins hóps útvegsmanna án tímatakmarkanna og endurgjalds hafi verið rétta leiðin til að tryggja arðsemi var einnig nokkuð umdeilt. Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra greindi frá þeirri endurskoðunarnefnd sem er að störfum á vegum ríkisins við að meta íslenska fiskveiðistjórnkerfið með hliðsjón af reynslunni og þáttum eins og fiskvinnslu, samgöngum og byggð. Í framsögu Þórólfs Matthíasson kom fram sú gagnrýni á kvótakerfið að það hefði í fyrsta lagi gert það að verkum að verðlag á veiðiheimildum hækkaði mjög mikið fyrir þá sem annað hvort urðu að kaupa eða leigja kvóta af þeim sem fengu þá upprunalega úthlutað. Kvótaverð hafi farið úr 300 ISK árið 1992 í 3.500 um áramótin 2007-2008 en hefði síðan þá lækkað. Í öðru lagi hafi kvóti verið nýttur með sama hætti og aðrar eignir sem veð gegn lánunum til margs konar fjárfestinga sem voru ekki bundnar við sjávarútveg, m.a. til hlutabréfakaupa í íslensku bönkunum. Lærdómurinn sem hann dróg af reynslunni hérlendis er sá að eignarkvótakerfi hafi skapað hvata fyrir sjávarútvegsfyrirtæki til að starfa eins og fjárfestingasjóðir sem hérlendis hafi leitt til offjárfestinga og í verstu tilvikunum til slæmra skuldastöðu fyrir einstök sjávarútvegsfyrirtæki og jafnvel heilu sveitarfélögin. Leigukvótakerfi skapi ekki sama svigrúm og eignarkvótakerfið fyrir ráðstöfun eiginfjár að hans mati en eins og staðan væri núna þyrfi að finna leið til að lifa með afleiðingunum og á sama tíma breyta kerfinu svo að sama sagan endurtaki sig ekki.

Í umræðu um kvótakerfið í Grænlandi kom fram að það hefði skilað sér í fækkun fiskiskipa og aukinni arðsemi svipað og gerðist hérlendis. Hins vegar hafi frá upphafi mikil áhersla verið lögð á að fiskstofnar væru sameign þjóðarinnar og þeir sem fengu einkarétt til að nýta suma fiskstofna fimm ár í senn þyrftu að borga fyrir nýtingaréttinn. Með auðlindagjaldinu nyti samfélagið góðs af sameigninni. Þannig væri einnig komið í veg fyrir að kvótaverð hækkaði verulega. Í umræðum um sóknardagakerfi í Færeyjum kom m.a. fram að veiðidögum, sem þingið ákveður hversu margir eru árlega á grundvelli ráðlegginga fiskifræðinga, væri deilt út til báta eftir flokkun á stærð og samhliða væri svæðalokunum, reglum um veiðarfæri og önnur úrræði nýtt til að koma í veg fyrir ofveiði. Það hvort sjávarútvegur í Færeyjum væri arðsamur voru hins vegar deildar meiningar um.

Í erindi um endurskoðun á sjávarútvegsstefnu ESB kom m.a. fram að stefnan, sem tók gildi árið 1982, hafi verið tekin til endurskoðunar árið 1992, 2002 og 2007 og stefnt væri að því að ný stefna tæki gildi árið 2013. Það væri fimm meginvandamál sem væri við að eiga, þ.e. of mikil veiðigeta, mismunandi og mótsagnarkennd markmið, vöntun á forgangsröðun, skammtímasjónarmið, lítil aðkoma þeirra sem stunda sjávarútveg að ákvörðunartöku um fiskveiðistjórn, og menning þar sem reglur eru ekki virtar. Hann sagði að endurskoðun stefnunnar færi fram í samráði við fjölda rannsóknarstofnana, féлага- og hagsmunasamtök, sveita- og héraðsstjórnir, aðildarríki og ríki utan ESB þar með talið Ísland og gerði grein fyrir umræðunni um mögulegar lausnir á þeim vandamálum sem við væri að eiga. Tillögur um nýja stefnu eiga að liggja fyrir vorið 2011. Forseti Norðurlandaráðs fjallaði um hlutverk Norðurlandanna við endurskoðun á sjávarútvegsstefnu ESB, ekki síst hvað brottkast snertir sem er mikið vandamál innan ESB. Í urmræðuni kom einnig fram að brottkast væri vandamál á Íslandi til viðbótar við meðafla, falsaðar veiðiskýrslur og ákvarðanir um heildarkvóta umfram ráðleggingar vísindamanna.

Stig Gezelius fjallaði um ástæður að baki reglugerðarbrotum eins og brottkasti, veiði umfram veiðiheimildir hvort sem það er kvóti eða sóknardagar, og löndun framhjá vigt. Í máli hans kom fram að alla jafnan liggi efnahagslegur hvati að baki slíkum brotum. Áskorunin fælist þar af leiðandi í því að fá menn til að virða reglur sem menn græða á að brjóta. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna hans hefur það sýnt sig að samfélagslegt aðhald sem lýtur að því að lagabryótar kalli yfir sig viðurlög í formi slúðurs, fordæmingar eða mannorðsmissi ef þeir virða ekki lög og reglur samfélagsins er betra stjórnþæki með mun meiri fælingarmátt en eftirlit á vegum ríkisins sem er bæði fjarlægara og kostnaðarsamara. Af því leiðir að ef aðhald nærsamfélagsins er takmarkað og eftirlit er fyrst og fremst í höndum ríkisins getur orðið mikið um lögbrot. Í samfélagi þar sem aðhald er fyrir hendi geta hins vegar skapast aðstæður eða hvatar sem gera það að verkum að samfélag umberi stundum lögbrot. Það gerist einkum þegar togstreita verður á milli markmiða eins og t.d. þess að virða lög og reglur, tryggja sér lífsviðurværi eða skapa gróða. Um leið og togstreita verður á milli markmiða verður siðferðileg afstaða manna ekki eins afdráttarlaus og þá um leið skapast svigrúm fyrir lög- og reglugerðarbrot. Forsendur fyrir aðhaldi nærsamfélagsins þegar kemur að sjávarútvegi skapast samkvæmt hans samanburðarrannsóknum þegar tekst að ná sátt um skipulag fiskveiða í krafti raunverulegs samráðs ríkisins við nærsamfélagið sem byggir afkomu sína á sjávarútvegi og koma upp velferðarkerfi fyrir sjómenn. Þannig fær ríkið nærsamfélagið í lið með sér við að tryggja eftirlit og framfylgni við reglur.

Í lokin voru fundarmenn sammála um að Vestur-Norðurlöndin ættu að efla samstarf sitt um stjórnun fiskveiða úr sameiginlegum fiskstofnum eins og rauðmaga og grálúðu. Samhliða því ættu Vestur-Norðurlöndin að vinna saman að samræmingu veiðarfæra og tölfræðilegra gagna til að geta sinnt sameiginlegu eftirliti og rannsóknum.

Frekari upplýsingar veitir ritari Íslandsdeildar og á slóðinni [www.vestnordisk.is](http://www.vestnordisk.is) og [www.norden2010.fo](http://www.norden2010.fo)